



Reykjavík, 27. febrúar 2024

## Umsögn Ferðafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um endurnýjun vegar yfir Kjöl.

Stjórn Ferðafélags Íslands hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar sem lýtur að uppbyggingu vegar yfir Kjöl með bundnu slitlagi vegna aukinnar umferðar á svæðinu og fjölgun ferðamanna. Í ályktuninni kemur fram að *á undanförnum árum hafi talsvert verið fjallað um möguleika á því að stytta leiðir milli landshluta með bættum hálendisvegum, m.a. með það að markmiði að tengja betur saman fjölmennustu byggðir landsins.* Ferðafélag Íslands (FÍ) starfar í almanna þágu og hefur að leiðarljósi að kynna og efla vitund almennings á náttúru Íslands og hvetja til góðrar umgengni og vernd náttúrunnar.

FÍ styður hugmyndir um lítillega bættan stofnveg/tengiveg yfir Kjöl til samræmis við Svæðisskipulag Suðurlandshálendisins sem nú er til umfjöllunar. Þar kemur einnig fram sú stefna að opnunartími vega taki mið af ástandi vega og svæða, að hönnun vega taki mið af aðlögun að landslagi með hóflegum fyllingum og skeringum og að heimilaður hámarkshraði taki mið af því. Um leið þarf að gæta þess vandlega að aukin umferð valdi ekki skaða á náttúru hálendisins.

Í frumvarpinu segir að *Með heilsársvegi yfir Kjöl er mögulegt að stytta til muna leiðina landshorna á milli og auðvelda þannig ferðir til Norðurlands og yfir hálendið og opna fyrir möguleika á þróun nýrra ferðamannaleiða. Þá veitir það fleirum tækifæri til að upplifa hálendið og náttúru þess og víðerni sem eru einstök á evrópskan mælikvarða og ljóst er að hafa mikið aðdráttarafli fyrir ferðamenn sem koma til landsins. Þá opnast einnig möguleikar á styttri hringferðum.*

FÍ telur ljóst að uppbyggður stofnvegur með klæðningu og brúuðum ám, vegur sem opinn er 5-6 mánuði á ári muni gjörbreyta þessum hluta hálendisins. Í því samhengi er mikilvægt að benda á að aukið aðgengi veldur auknu álagi og á viðkvæmasta árstíma, vor og haust, getur það valdið miklum og jafnvel óafturkræfum skemmdum á náttúrunni. Því er mikilvægt að gerðar verði rannsóknir á þolmörkum náttúru og innviða á einstökum ferðamannastöðum sem næstir eru Kjalvegi áður en ráðist verður í framkvæmdir svo þeir geti mætt auknu álagi sem skapast.

Að sama skapi þarf að kortleggja hvaða áhrif aukin umferð hafi á aðra fjallvegi, sem liggja t.d. út frá Kjalvegi, því FÍ telur að líta beri á miðhálendi Íslands sem auðlind þar sem öll uppbygging þurfi að miða að því að styrkja þjónustu við þá sem njóta vilja víðerna og óspilltrar náttúru.

FÍ telur mikilvægt að aksturshraða á Kjalvegi verði stillt í hóf, hámark 60-70 km hraða á klukkustund, svo vaxandi umferð rjúfi ekki frið á ákveðnum kyrrðarsvæðum (s.s. í Hvítárnesi, Hveravöllum, Þjófadölum og víðar). FÍ leggst alfarið gegn þungaumferð vöruflutninga yfir Kjöl þurfi að öxulþunga allra farartækja sem fara yfir Kjalveg.

FÍ leggur áherslu á, nú sem fyrr, að uppbygging vega á hálendi Íslands verði hófleg og að markmiðið sé að þróa ferðaþjónustuna hægt og örugglega og að ávallt verði gætt að þolmörkum einstakra svæða á miðhálendinu. Sömuleiðis að hugað verði að varðveislu verndarheilda og stefna beri að lágmarks áhrifum á ósnortna náttúru Íslands.

### F.h. Ferðafélags Íslands

Ólöf Kristín Sívertsen, forseti FÍ

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri FÍ